

3

11. marz

REGLUGERÐ

um fiskveiðilandhelgi Íslands.


1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 12 sjómílum utan við grunnlínu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4 n.br., 22°24'5 v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1 — 20°11'2 —
3. Siglunes	66°11'9 — 18°50'1 —
4. Flatey	66°10'3 — 17°50'5 —
5. Lágey	66°17'8 — 17°07'0 —
6. Rauðinúpur	66°30'7 — 16°32'5 —
7. Rifstangi	66°32'3 — 16°11'9 —
8. Hraunhafnartangi	66°32'3 — 16°01'6 —
9. Langanes	66°22'6 — 14°32'0 —
10. Glettinganes	65°30'6 — 13°36'4 —
11. Norðfjarðarhorn	65°10'0 — 13°31'0 —
12. Gerpir	65°04'7 — 13°29'8 —
13. Hólmur	64°58'9 — 13°30'7 —
14. Setusker	64°57'7 — 13°31'6 —
15. Pursasker	64°54'1 — 13°36'9 —
16. Yztiboði	64°35'2 — 14°01'6 —
17. Selsker	64°32'8 — 14°07'1 —
18. Hvitingar	64°23'8 — 14°28'1 —
19. Stokksnes	64°14'1 — 14°58'5 —
20. Hrollaugseyjar	64°01'7 — 15°58'8 —
21. Tvísker	63°55'6 — 16°11'4 —
22. Ingólfshöfði	63°47'8 — 16°38'6 —
23. Hvalsíki	63°44'1 — 17°33'7 —
24. Meðallandssandur I	63°32'4 — 17°56'0 —
25. Meðallandssandur II	63°30'6 — 18°00'0 —
26. Mýrnatangi	63°27'4 — 18°12'0 —
27. Kötlutangi	63°23'4 — 18°43'0 —
28. Lundadrangur	63°23'5 — 19°07'6 —
29. Geirfuglasker	63°19'0 — 20°30'1 —
30. Eldeyjardrangur	63°43'8 — 22°59'6 —
31. Geirfugladrangur	63°40'6 — 23°17'3 —
32. Skálasnagi	64°51'3 — 24°02'6 —
33. Bjargtangar	65°30'2 — 24°32'3 —
34. Kópanes	65°48'3 — 24°06'3 —
35. Barði	66°03'7 — 23°47'6 —
36. Straumnes	66°25'7 — 23°08'5 —
37. Kögur	66°28'3 — 22°55'8 —
38. Horn	66°27'9 — 22°28'5 —

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 12 sjómílur frá þeim:

39. Kolbeinsey	67°07'5 n.br., 18°36'0 v.lg.
40. Hvalbakur	64°35'8 — 13°16'7 —



ISLENZKU SJÓMELINGARNAR

3 Loks skal dregin markalína í kringum Grímsey, 12 sjómílur frá yztu annesjum 11. marz og skerjum hennar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelginni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, skal heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 87 29. ágúst 1958.

4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 frá 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsmálaráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

6. gr.

Framkvæmd á reglugerð þessari skal hagað þannig, að hún sé ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1000.00 til kr. 100000.00.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, og fellur með gildistöku hennar úr gildi reglugerð nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 11. marz 1961.

Bjarni Benediktsson.

Gunnlaugur E. Briem.